

DAGSKRÁRFORINGI



DAGSKRÁIN

- ég sé til þess að í allri dagskrá sé unnið eftir skátaaðferðinni
- ég sé til þess að í allri dagskrá sé þessu fylgt:
 - að skátaaðferðin sé nýtt hvarvetna sem sú leið sem við notum í skátastarfi
 - að dagskráin sé samræmd og sambærileg milli aldursbila, með viðeigandi stíganda og að sambærileg gæði séu í öllum aldursbilum
 - að dagskráin sé í samræmi við viðburðadagatal BÍS og SSR (þegar á við)
- ég aðstoða sveitarforingja við að skipuleggja sína dagskrá í samræmi við skátaaðferðina
- ég met notkun skátaaðferðarinnar í öllum aldursbilum
- ég fylgist með þróun og nýjungum í dagskrámálum innan félags, innan BÍS og í WOSM/WAGGGS
- ég gæti þess að viðfangsefni og dagskrá viðburða sé við hæfi þátttakenda
- ég fylgist með þróun á þátttöku innan og á milli aldursbila og reyni að átta mig á
 - hvers vegna krakkar byrja í skátunum
 - af hverju þau halda áfram
 - hvers vegna þau hætta

FORINGJARNIR (samvinna með sjálfbóðaliðaforingjanum):

- ég kortlegg þörfina, hvað þarf marga foringja til að sinna starfinu og sinna viðburðum
- ég finn viðeigandi þjálfun/stuðning fyrir hvern einstakan foringja og félagið í heild
- ég veiti stuðning til þeirra sem framkvæma/skipuleggja skátadagskrána
- ég kynni fyrir foringjum öryggis- og viðbragðsáætlanir félagsins og BÍS
- ég er virkt í félagsráði/foringjaráði
- ég vinn náið með félags- og sjálfbóðaliðaforingjanum

SAMVINNA INNAN FÉLAGS

- ég áætla mannaflapörf í takt við markmið og stefnu stjórnarinnar
- ég er í góðu samstarfi við félagsforingjann og sjálfbóðaliðaforingjann

EIGIÐ STARF

- ég endurmet reglulega mitt eigið starf
- ég er í samskiptum við dagskrárforingja hjá öðrum félögum
- ég tek þátt í foringjaþjálfun
- ég leitast við að afla mér þekkingar um það sem er að gerast í skátastarfi innanlands og utan

ÞRENNUÞJÁLFI FYRIR DAGSKRÁRFORINGJA

- ég er í reglulegu sambandi við þrennuþjálfann
- ég fæ stuðning frá þrennuþjálfna og ræði hvað er að gerast í félaginu